Stilling

*Gæðin skipta okkur máli*

# GÆÐIN SKIPTA OKKUR MÁLI!








## Allt fyrir bílinn

**JAKOPARTS**

Vél | Aflrás | Hemlar | Undirvagn | Rafkerfi | Verkfæri | Yfirbygging

herthundbuss.com

# Best á sviði asískra bíla

## 95% af öllum

nauðsynlegum varahlutum fyrir bíla framleidda í Asíu (samkvæmt evrópsku yfirliti yfir varahluti)

## Japanskir og kóreskir sérfræðingar

Varahlutir af sömu gæðum og þeir upprunalegu, fyrir bíla framleidda í Asíu

## Rúmlega 19.000 varahlutanúmer

aðeins fyrir japanska og kóreska bíla



## Númer eitt

Herth+Buss er leiðandi merki í Þýskalandi fyrir bíla framleidda í Asíu

## Ógildir ekki ábyrgð (BER reglugerðin)

Ábyrgð framleiðanda dettur ekki út þegar varahlut er komið fyrir

## Eins og upprunalegu

Varahlutirnir í japönsku og kóresku bílana eru af sambærilegum gæðum og upprunalegu varahlutirnir

## Tveggja ára ábyrgð

Á öllum varahlutum frá Herth+Buss er tveggja ára ábyrgð frá framleiðanda

Stilling

HERTH+BUSS




# VARAHLUTIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Í rúmlega 60 ár hefur Stilling hf. þjónustað Íslendinga með allt sem viðkemur varahlutum í bíla. Stilling hefur verið í eigu sömu fjölskyldu allt frá upphafi: stofnefndur voru Bjarni Júlíusson, Þórður Júlíusson, Magnús Baldvinsson kenndur við MEBA, Óskar Ólafsson og Benedikt Magnússon sem oft er kenndur við BM Vallá.

Stilling var stofnuð 1.október 1960 í Skipholti 35 og sérhæfði sig í hemlabúnaði og viðgerðum á bílum. Á þeim tíma var bílainnflutningur Íslendinga að aukast gríðarlega og skortur var á varahlutum í bifreiðar. Bjarni hóf því fljótlega sjálfur innflutning á varahlutum frá bandaríkjunum til að bæta úr brýnni þörf. Varð það upphaf að verslunarrekstri Stillingar.

Stillingu óx fljótt fiskur um hrygg og flutti starfsemi sína árið 1966 í Skeifuna 11 í Reykjavík sem þá var upprennandi iðnaðarhverfi. Umsvif Stillingar hf. jukust jafnt og þétt og árið 2004 flutti Stilling í nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar að Kletthálsi 5 í Reykjavík, þar sem skrifstofur og heildsala fyrirtækisins eru nú til húsa.

## Nýjungar og framsækni

Stilling hefur aldrei hætt að sækja fram og kappkostar að efla þjónustu við viðskiptavini sína. Það gerir starfsfólk Stillingar t.a.m. með því að hefja samstarf við marga af bestu framleiðendum varahluta í heiminum þannig að viðskiptavinir geti ávallt gengið að vörum í fremstu röð.

Auk þess leitar Stilling sífellt nýrra leiða til að koma betur til móts við þarfir viðskiptavina sinna. Á síðustu árum hefur Stilling þannig sett á laggirnar vefsíðuna Varahlutir.is og smáforrit til að auðvelda pantanir, hafið heimsendingu á varahlutum, stóreflt bilanagreiningartækni sína og margt, margt fleira. Jafnframt rekur Stilling fjórar öflugar verslanir, víðsvegar um landið, ásamt þjónustuveri sem veitir landsmönnum persónulega og góða þjónustu. Þessi viðleitni starfsfólks að sækja stöðugt fram og sofna ekki á verðinum hefur lagt grunninn að langlífi Stillingar og mun vafalítið stuðla að áframhaldandi sókn á komandi árum.




STERKARI
SAMAN


DEMAND
XTRA
brembo
brembo
brembo
YFIRBURÐASTÍLL, FRÁBÆR FRAMMISTAÐA
Hannað af sérfræðingum Brembo. Diskurinn og púðinn eru hannaðir til að virka fullkomlega saman til að auka hemlunargetu og færa þér ánægjulegan akstur í hvert skipti.
brembo



# MOTOR PARTNER

Samkeppni bifreiðaverkstæða hefur aukist mikið á undanförnum árum, ekki síst í ljós nýrrar tækni í bílum sem krefst nýrrar nálgunar í viðgerðum. Bifreiðaverkstæði þurfa því að vera á tánum vilji þau ekki heltast úr lestinni og huga að aukinni þekkingu og þjálfun starfsmanna sinna.

Samtökin Motor Partner miða einmitt að því. Markmið Motor Partner, sem er í eigu Temot International, er að efla sjálfstæð verkstæði í sífellt flóknara viðskiptaumhverfi en í dag er um 12.500 verkstæði í 25 löndum meðlimir samtakanna. Þrettán slík verkstæði má finna á Íslandi í dag og fer þeim sífellt fjölgandi, að sögn Júlíusar Bjarnasonar, framkvæmdastjóra Stillingar sem er umboðsaðili Motor Partner hér á landi.

**Meðal þeirra markmiða sem Motor Partner hefur sett og kynnt verkstæðum eru að:**

- Veita persónulegri og betri þjónustu
- Veita 3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
- Viðskiptavinir komi reglulega með bílinn í skoðun
- Stuðla að bættri þjálfun og menntun starfsfólks
- Nota varahluti sem eru af upprunalegum gæðum.

Júlíus segir að umsóknarferlið fyrir verkstæði sé einfalt: Hægt sé að hafa samband í gegnum vefsíðu Stillingar eða á motorpartner.is. „Í kjölfarið heimsækjum við svo viðkomandi verkstæði, tökum það út og förum yfir helstu markmið samtakanna með þeim. Núna eru um þrettán verkstæði búin að skrá sig, þar af mörg á landsbyggðinni, og nokkur verkstæði bíða eftir heimsókn frá okkur.“

Þá hafi bíleigendur ríkan hag af því að geta valið verkstæði sem tilheyrir Motor Partner og hafa um leið annan möguleika en að fara með bílinn í umboðið. „Það er þriggja ára ábyrgð á allri vinnu og varahlutum hjá Motor Partner verkstæðum. Þau nota einungis varahluti sem eru í sambærilegum gæðum og upprunalegir varahlutir og þau geta gert við alla tegundir bíla. Um leið helst verksmiðjuábyrgðin þótt viðgerðin fari ekki fram hjá umboðinu en í dag er ólöglegt að skylda bíleigendur til að koma með bílinn í viðgerð í umboðið til að halda verksmiðjuábyrgðinni,“ segir Júlíus.

**Hefur þú áhuga á að gerast Motor Partner verkstæði? Skráðu þig og við höfum samband.**

© GATES 2023 - All rights reserved.



DRIVEN BY POSSIBILITY™

SUMMA ALLRA ÞÁTTA SIGURLIÐ

Beltin keyra íhlutina samtímis og vandamálið er að ef ekki er skipt um íhlutina á sama tíma misslitna þeir. Þá dragast niður heildarafköstin af drifinu. Þetta samsvarar því sem sigurlið í akstursíþróttum vita, sem er að ein slæm frammistaða getur kostað þau titilinn.

**Gates. Áreiðanleg OE gæði. Betri afköst. Færri kvartanir og ánægðari viðskiptavinir.**

GATESTECHZONE.COM

# Hurðalæsingar?
# Rúðuvökvastútar fyrir framljós?
# Olíukvarði?

## Við erum með allt þetta og margt fleira.

febi er ekki einungis með alla þessa "venjulegu" varahluti; úrvalið nær yfir svo miklu meira svo sem hluti sem dreifingaraðilar, verkstæði og bílaeigendur tengja venjulega aðeins við framleiðslu bílaframleiðendanna sjálfra.

febiPLUS tengir saman yfir 2.300 sérvalda varahluti bíla nútímans - Þannig bjóða þeir upp á lausnir og gæðaviðgerðir sem valkost á óháða eftirmarkaðnum.



**Brake Disc Shield for disc brake**

**febi 186183**



febi bilstein

SOLUTIONS
DRIVEN BY YOU

**www.febi.com**

bilsteingroup®



# UPPÁHALDS VÖRURNAR OKKAR

**Starfsmenn Stillingar eru sérfræðingar í varahlutum. Í gegnum árin hafa þeir komist í kynni við ótal vörur og sumar þeirra eru í sérstöku uppáhaldi.**

**"Thule ferðavörurnar hitta í mark hjá mér, elska að ferðast um landið með Thule tjald, þægilegt og fljótlegt að setja upp og pakka saman til að fara á milli staða mæli svo með fyrir hringferðir um Ísland, og ekki skemmir fyrir Wingbar Evo bogarnir , mjög hljóðlátir bogar , svo er bara svo þægilegt og fljótlegt að skipta á milli festinga eftir hvað maður er að fara að gera, hvort sem það er að skella sér norður á skíði, eða í hjólaferð út á land."**

María og er yfirmaður þjónustuvers Stillingar





**"Liqui Moly er einn af uppáhalds vöruflokkunum mínum, t.d spíssahreinsirinn og E10 bætiefnið frá þeim, mæli með að nota spíssahreinsi 3-4 sinnum yfir árið og nota E10 í bensínið reglulega. Fæ oft spurninguna hvort það skipti máli hvaða olía er notuð á bílinn, hvort það sé ekki bara hægt að nota ódýrustu olíuna? Þetta er ekki svona einfalt, mæli alltaf með því að það sé notuð sú olía sem olíuframleiðandi mælir með, hvort sem það sé á vél, skiptingu, gírkassa, vökvastýri eða drif. Þetta skiptir mjög miklu máli varðandi endingu véla t.d."**

Sigurbjörn Vilhjálmsson, sölumaður á Bíldshöfðanum og leysi af verslunarstjóra.

**"Uppáhalds varan mín hjá stillingu er Liqui Moly, þegar kemur að Liqui Moly þá eru þeir með allt til að láta eldri eða nýja bíla endast lengur, hvort sem það er vélar, smur eða Bensín/Dísel bætiefn"**

Davíð Þór Halldórsson, lagerstjóri



JAKOPARTS

Vél | Aflrás | Hemlar | Undirvagn | Rafkerfi | Verkfæri | Yfirbygging

# Höggdeyfar

## Sérsniðnir gæða demparar frá sérfræðingum

**Höggdeyfar**
fyrir asísk og evrópsk ökutæki

**Tveggja ára ábyrgð**
Á öllum varahlutum frá Herth+Buss er tveggja ára ábyrgð frá framleiðanda

**Númer eitt**
Herth+Buss er leiðandi merki í Þýskalandi fyrir bíla framleidda í Asíu

**Ógildir ekki ábyrgð (BER reglugerðin)**
Ábyrgð framleiðanda dettur ekki út þegar varahlut er komið fyrir

**Tengt við OE (upprunalegan búnað)**
Herth+Buss jafngilda upprunalegum búnaði og tengist beint við upprunalega hluta



Stilling

herthundbuss.com

# Best á sviði asískra bíla

## Varahlutaúrval okkar frá Jakoparts býður upp á alhliða prógramm




HERTH+BUSS




# FIMM MÝTUR UM VÉLAROLÍU

## VERTU Í STAKK BÚINN TIL AÐ SVARA EIGANDA BÍLSINS AF KUNNÁTTU

### Mýta 1: Það þarf ekkert alltaf að vera að skipta um olíu, það er nóg að bæta bara á olíuna sem fyrir er

Það er auðvitað alveg eðlilegt og nauðsynlegt að bæta á olíuna ef hún fellur. En það er ekki ráðlegt að fylla alltaf á í stað þess að láta skipta alveg um olíu reglulega. Þessi misskilningur tekur ekki með í myndina hið mikilvæga hlutverk sem olían gegnir, sem er að viðhalda óslitnum og afkastamiklum mótor. Með tímanum safnast óhreinindi í mótorolíuna sem brýtur hana smátt og smátt niður og þannig missir olían eiginleika sína vegna hita, þrýstings og áhrifa ýmissa efna. Mótorolían hættir þannig að gegna hlutverki sínu. Ef alltaf er bara fyllt á með olíu leysast vandamálin ekki og í vissum tilfellum getur það valdið auknum vandamálum þegar nýrri olíu er blandað saman við niðurbrotnu, menguðu olíuna sem fyrir er. Þegar oft er skipt um olíu eru öllum óhreinindum skolað burt og í staðinn kemur ný og hrein olía sem veitir hámarks smurningu, hitastýringu og vörn fyrir mótorinn.

### Mýta 2: Jarðolía er sama og syntetísk olía

Jarðolía og syntetísk olía er ekki það sama. Hvor um sig býr yfir sérstökum eiginleikum sem ákvarða afkastagetu þeirra. Jarðolía er framleidd úr hráolíu sem er náttúrulegt efni sem er látið fara í gegnum hreinsunarferli til að fjarlægja óhreinindi. Hins vegar er syntetísk olía efni sem fæst með flóknu efnaferli sem gerir það mögulegt að fá samrýmanlegri sameindagerðir, klæðskerasaumaða eiginleika og framúrskarandi afkastagetu.
Syntetísk olía tryggir meiri stöðugleika á hitastigi, eykur ryðvörn og smureiginleika samanborið við jarðolíu. Þessir kostir tryggja meiri vörn fyrir mótorinn, minna slit og lengri tíma milli olíuskipta. Syntetísk olía er dýrari en jarðolía en hún er þar á móti miklu betri til að smyrja og verja mótora og því mæla flestir framleiðendur með syntetískri olíu á nútíma-farartæki.

### Mýta 3: Mótorolíur smyrja bara innri hlutana

Aðaltilgangurinn með mótorolíu er að smyrja, en ekki bara það. Mótorolía hefur fleiri mikilvæga eiginleika sem tryggja jöfn afköst og langa endingu mótora. Í fyrsta lagi er olían smurning sem þekur alla hreyfanlega hluta með verndandi himnu sem í eru sérstök íbætiefni. Þessi himna dregur ekki einungis úr viðnámi og núningi, heldur eykur afkastagetu mótorsins sem veldur minni eldsneytisnotkun.
Í öðru lagi hefur mótorolían stóru hlutverki að gegna í hitastýringunni þar sem hún dreifir varma frá stöðum þar sem er of heitt eins og í kringum stimplana, til annarra staða í mótornum. Í þriðja lagi auðveldar mótorolían hreinsun mengaðra efna úr hlutum mótorsins, sem er stöðugt mikilvægara þegar tekið er tillit til þess að æ lengri tími líður á milli þjónustu á nútímafarartækjum. Að lokum þá verndar mótorolían gegn tæringu og ryði, en það lengir líftíma mótorsins.

### Mýta 4: Það er allt í lagi að nota aðra tegund af olíu en þá sem framleiðandinn mælir með

Þetta getur verið rétt í sumum tilfellum eins og í sérstöku, öfgakenndu loftslagi, en það er aldrei mælt með þessu. Mótorar eru þróaðir, prófaðir og framleiddir fyrir ákveðna tegund af mótorolíu. Ef röng tegund mótorolíu er notuð, getur það haft mjög slæmar afleiðingar. Þær geta verið aukið slit á innri hlutum mótorsins, tæring, stíflanir, íhlutir geta brotnað og mótorinn getur fests. Mikilvægt er að muna að innihaldslýsingar eru ekki bara upplýsingar um seigju heldur líka nákvæm lýsing á íbætiefnum sem eru til að uppfylla tæknilegar kröfur framleiðandans.

### Mýta 5: Seigja olíunnar skiptir ekki svo miklu máli

Þetta er algerlega rangt! Seigja olíunnar er mjög mikilvægur eiginleiki mótorolíunnar vegna þess að hún hefur áhrif á virkni olíunnar og afkastagetu. Seigja er það hversu seigfljótandi olían er og það segir til um eiginleikana til að smyrja nægilega vel við mismunandi hitastig og ólíkar aðstæður. Bílaframleiðandinn mælir með ákveðinni seigju og ef farið er eftir því tryggir það að mótorinn viðheldur besta mögulega jafnvægi á seigfljótandi eiginleikum og smurningu og verndar þannig mótorhlutana gegn sliti, núningi og hita.




# Í ÁTT AÐ AUKINNI SJÁLFBÆRNI

**Einn af helstu birgjum Stillingar er hið þýska Bilstein Group, fjölskyldurekinn hópur fyrirtækja með höfuðstöðvar sínar í hjarta Norðurrínar-Vestfalíu. Alþjóðlegu vörumerkin Febi, SWAG og Blue Print, sem öll eru þekkt fyrir gæði sín og endingu, eru meðal þeirra sem Bilstein er með á sínum snærum.**

Bilstein hefur sett umhverfis- og sjálfbærnimál á oddinn í allri sinni starfsemi. Ekki aðeins er starfsemi félagsins kolefnisjöfnuð heldur hefur Bilstein lagt aukna áherslu á að framleiða sína eigin orku með grænum orkugjöfum eins og sólarorku. Bilstein-samsteypan dregur úr losun eftir allri aðfangakeðjunni; meðal annars með orkunýtinni tækni, endurnýjanlegri orku, auðlindasparandi framleiðsluferlum og byggingarstöðlum auk alhliða orkustjórnunarkerfi.

Áhersla á sjálfbærni felur þó meira í sér en aðeins að draga úr úrgangsmyndun að mati Bilstein-samsteypunnar, eins og að taka tillit til:

## Hagkerfisins
Framleiðsla á hágæða og endingargóðum vörum sem taka jafnt tillit til umhverfisverndar og mögulegrar endursölu.

## Vistfræðinnar
Að einblína á ferla og mannvirki sem varðveita auðlindir eins vel og mögulegt er.

## Félagslegra þátta
Áhersla á viðeigandi laun og vinnuaðstæður í allri aðfangakeðjunni.



# SOLUTIONS DRIVEN BY YOU

febi bilstein®

## febi - Fremstur á óháða eftirmarkaðnum.

Besta úrvalið, mestu gæðin: febi býður upp á  yfir 34.000 vörur, varahluti fyrir alla helstu evrópsku og asísku fólksbílana. Allir varahlutirnir okkar uppfylla kröfur um upprunaleg gæði. Við tryggjum hámarksgæði með gæðaprófunum á staðnum og við framleiðum hluta af vörunum sjálf.



febi PROKIT

- Nýstárleg vörulína með yfir 3.000 vörur
- allir nauðsynlegir varahlutir fáanlegir fyrir hverja viðgerð
- T.d. skrúfur og rær sem þarf til að skipta um varahluti fylgja ekki alltaf með varahlutnum sem verið er að skipta út.
- engar auka ferðir til að sækja aukahluti sem eiga við
- sparar verkstæðinu tíma og peninga

Scan the QR code for more information about febi range or visit **partsfinder.bilsteingroup.com**

3 YEAR MANUFACTURER GUARANTEE febi.com/3

**www.febi.com**

bilsteingroup®




# RepCon – viðgerðarsett fyrir klær

## Hagnýt viðbót - hitaþolin krumputengi

Með RepCon er einfalt að gera við og skipta um skemmd tengi í ökutækinu. Nauðsynleg krumputengi (snúran hefur þegar verið fest við) fylgja með. Þegar kemur að Elparts-vörulínunni okkar bjóðum við meðal annars upp á viðgerðarsett fyrir ýmiss konar klær og tengi í ökutækjum, þar á meðal fyrir:

- númeraplötuljós, framljós, afturljós,
- einfalt háspennukefli, spíssa á innspýtingu, glóðarkerti,
- hæðarskynjara xenon-aðalljósa,
- útblástursringrásarloka, miðstöðvarviftumótor,
- bakkskynjarar, EGR ventill og loftmassamæli

Hægt er, til dæmis, að nota hitaþolin krumputengi, sem sömuleiðis er að finna í Elparts-vörulínunni okkar, til að tengja saman snúrur. Helsti kostur þessa halógenlausa tengis er eldtefjandi pólýamíðeinangrunin sem gefur ekki frá sér neinar eitraðar lofttegundir við hugsanlega eldsvoða. Af þeirri ástæðu hafa þessi vönduðu tengi lengi verið fastur hluti af snúruviðgerðarsettum Elparts-vörulínunnar okkar.

**Viðgerðarsett, kló**
**RepCon**
**Vörunúmer: 51277***

**Krumputengi**
**Vörunúmer: 50252556, -559**

Stilling

HERTH+BUSS

# BREMSUR Í FREMSTU RÖÐ

Þú færð vörur frá Brembo hjá Stillingu. Brembo er alþjóðlegt stórfyrirtæki sem byggir á ítölskum grunni, með starfsemi í 15 löndum og rúmlega 15 þúsund starfsmenn. Brembo er leiðandi á heimsvísu þegar kemur að hönnun, þróun og framleiðslu á hemlakerfum og íhlutum fyrir bíla, mótorhjól og iðnaðarvélar. Vörur Brembo henta þannig vel í nýja bíla, til endursölu og jafnvel fyrir kappaksturinn.

Meðal þess sem Brembo hefur kynnt til sögunnar á síðustu árum eru hemlakerfi sem ekki aðeins standast allar öryggiskröfur – og rúmlega það – heldur eru jafnframt framleidd með umhverfisvænni hætti en áður hefur þekkst. Hemlakerfið, sem Brembo kallar Greenance Kit, er grænni lausn fyrir létta atvinnubíla sem dregur úr svifryksmyndun og lækkar heildarkostnað án þess að gefa neinn afslátt af öryggi eða endingu.

Greenance Kit frá Brembo var kynnt opinberlega á Automechanika í Frankfurt og er nú fáanlegt fyrir allar vinsælustu gerðir léttra atvinnubíla. Þar á meðal eru: Citroën Jumper, Fiat Ducato og Talento, Ford Transit, Iveco Daily, Mercedes Vito og Sprinter, Nissan NV 300 og 400, Opel Movano og Vivaro, Peugeot Expert, Renault Master og Traffic, auk VW Crafter og Transporter.

# JAPÖNSK GÆÐI Í RÚMLEGA 100 ÁR

Rafhlöður gegna lykilhlutverki við yfirstandandi orkuskipti og minnkun koltvísýringslosunar. Forsvarsmenn Yuasa finna til ábyrgðar í þeim efnum og hafa því einsett sér að halda áfram að vera leiðandi í alþjóðlegri rafhlöðutækniþróun til að gera nýjar tæknilausnir aðgengilegar fyrir almenning. Með því að hámarka aðfanganýtingu og vinna náið með samstarfsaðilum sínum leitast Yuasa við að gera sífellt betur til að ná þessu markmiði. Innan fárra ára kemur næsta kynslóð rafgeyma og með henni munu tæknilegar aðstæður iðnaðarins og bílaflotans breytast. Þar ætlar Yuasa sér að vera í fararbroddi.

Hjá Stillingu færðu fjölda vara frá Yuasa sem er einn fremsti framleiðandi rafgeyma og tengdra vara í heiminum í dag. Yuasa var stofnað í Japan árið 1917 og hefur frá fyrsta degi verið leiðandi í þróun á rafgeymum og hvers kyns rafhlöðum fyrir farartæki.

**Hjá Stillingu færðu fjölda vara frá Yuasa sem er einn fremsti framleiðandi rafgeyma og tengdra vara í heiminum í dag.**

Fyrirtækið er í dag með verksmiðjur víða um heim og hefur Yuasa verið í fremstu röð Evrópu í rúmlega 30 ár þegar kemur að orkugeymslulausnum.
Vöruúrval Yuasa samanstendur meðal annars af nokkrum þekktustu og traustustu rafgeymum sem fyrirfinnast á markaðnum í dag. Rafgeyma Yuasa má finna í milljónum bíla, mótorhjóla og iðnaðarvéla um allan heim enda er Yuasa þekkt fyrir gæði og endingu. Hjá Yuasa starfa þúsundir fagmanna við rannsóknir og þróun, framleiðslu, prófanir, sölu og stefnumótun. Þessir hópur fagfólks hefur gert Yuasa kleift að vera leiðandi á sínum markaði og viðhalda ströngustu mögulegu öryggisstöðlum um áratuga skeið.

Við hjá Stillingu erum stolt af því að geta boðið vörur frá þessum þekkta framleiðanda og hvetjum þig til að kynna þér úrvalið af Yuaza-búnaði á heimasíðu okkar.



# ÖLLUM VARAHLUTUM

FYLGIR 3 ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

Því gæðin skipta okkur máli!




Stilling
Gæðin skipta okkur máli

**Þjónustuver**
520 8000
Klettháls 5

Mán. - Fös. : 8-17

**Lager, Reykjavík**
520 8000
Klettháls 5

Mán. - Fimt. : 8-17
Föstudaga. : 8-16

**VERSLANIR:**

**Reykjavík**
520 8001
Bíldshöfði 10

Mán. - Fös. : 8:30-18
Laugardagar : 10-14

**Hafnarfjörður**
520 8003
Bæjarhraun 6

Mán. - Fös. : 8-17

**Akureyri**
520 8002
Baldursnes 4

Mán. - Fös. : 8-17

**Selfoss**
520 8006
Hrísmýri 2a

Mán. - Fös. : 8-17

# VIÐ SKUTLUM TIL YKKAR Á

# 30 MÍNÚTNA FRESTI!

**Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**



# STILLING.IS

# ALLTAF AUKA

# 5%

# AFSLÁTTUR

EF VERSLAÐ ER Á NETINU

*GILDIR EKKI AF OLÍUTUNNUM EÐA MEÐ TILBOÐSVÖRUM




**9 ökutæki af 10 af** af söluhæstu ökutækjum í Evrópu eru búin vörum okkar:

UNNIHÚS, RAFLÆST, DRIFLÍNA

NTN
Make the world NAMERAKA

## Í yfir 100 ár hefur NTN Europe hjálpað heiminum að hreyfa sig og þróast.



Markmið okkar: að byggja upp jákvæðan hreyfanleika

Með skipulagðri nálgun að samfélagsábyrgð fyrirtækja (CSR) framkvæmum við sjálfbæra og þátttökuaðgerðir byggðar á siðferði, ábyrg kaup, stöðugt að draga úr áhrifum okkar um umhverfismál og bætt vinnuskilyrði.

www.ntn-snr.com